

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 20. maí 2016
UST201605-119/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn Iceland Resources um rannsóknarleyfi – Hörgárdalur. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Sótt er um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á átta stöðum á Íslandi. Fyrsti hluti rannsóknarinnar felst í könnun þeirra ganga sem til eru um viðkomandi svæði. Einnig verða farnar vettvangsferðir þar sem sýni verða tekin úr bergi og árfarvegum. Gert er ráð fyrir að við vettvangsferðir muni rannsóknarteymið fara fótgangandi eða notast við fjórhjól/sexhjól eða þyrlu.

Að loknum þessum hluta rannsókna verður ákveðið hvar ráðist verður í frekari rannsóknir sem felast í borun kjarnahola.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrsta hluta rannsókna sem mun ekki fela í sér rask. Stofnunin telur að þegar upplýsingar liggja fyrir um staðsetningu og umfang kjarnaborana verði aftur leitað umsagnar Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri